

# Frá vaxhólkum til geisladiska

Sýning í tilefni af aldarafmæli hljóðritunar á Íslandi  
í Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni  
og í Ríkisútvarpinu



25. september - 14. nóvember 2004

Verkefnisstjórn:

Njáll Sigurðsson, Ólafur J. Engilbertsson, Emillía Sigmarsdóttir, Anna Jensdóttir.

Textagerð og samantekt hlustunardæma: Njáll Sigurðsson

Hönnun sýningar: Sögumiðlunin ehf/ Ólafur J. Engilbertsson

Umsjón sýningar í Þjóðarþóklöðu: Emillía Sigmarsdóttir

Gagnaöflun: Anna Jensdóttir

Hljóðvinnsla hlustunardæma: Hreinn Valdimarsson

Umbrot sýningarskrár: Pixel ehf

Prentun sýningarskrár: Stafræna Prentstofan

Prentun sýningar: Sýningakerfi ehf.

ISBN: 9979-800-66-6

## Upphaf hljóðritunar

Undir lok 19. aldar kom til sögunnar ný tækni sem átti eftir að hafa mikil áhrif á menningu og daglegt líf um heim allan. Sú tækni, hljóðritunartæknin, barst hingað til lands skömmu fyrir aldamótin 1900. Elstu varðveitt hljóðrit, sem gerð voru hér á landi, eru frá árinu 1903 og eru því orðin rúmlega 100 ára gömul. Það aldarafmæli er tilefni þessarar sýningar.

## Spiladósir

Hljómandi smíðisgripir af því tagi sem telja má til hljóðrita og Íslendingar komust fyrst í kynni við, voru spiladósir. Vitað er um nokkra vandaða og merka gripi þeirrar gerðar sem bárust hingað til lands undir lok 19. aldar og eru sumir þeirra enn varðveittir, meðal annars í Þjóðminjasafni Íslands. Ráða má af meðfylgjandi auglýsingu, sem birtist í *Ísafold* rétt fyrir jólin árið 1877, að ýmsir kjörgripir af því tagi voru fáanlegir.

## Vaxhólkar og vaxhólkataeki

Saga hljóðritunartækninnar er rakin til ársins 1877, en þá fann bandaríski uppfinningamaðurinn Thomas Alva Edison (1847-1931) upp hljóðritann sem á ensku var nefndur „phonograph“. Sú tækni var síðan þróuð frekar og leiddi til þess að smíðuð voru hljóðritunartæki þar sem notaðir voru vaxhólkar til upptöku og afspilunar. Þegar nær leið aldamótunum 1900 var hafin fjöldaframleiðsla á hljóðritunartækjum byggðum á vaxhólkataekninni, fyrst í Ameríku og síðar í Evrópu.

Þessi tæki voru þannig gerð að vélbúnaður var knúinn áfram með upp-  
trekktri stálfjöður, hún dreif áfram sigurvek með tannhjólum sem sneru

### Söngvjarlar,


er syngja þetta frá 4 til 200 lög; með „expression“, „mandoline“, bumbu, klukkum, „castagnettum“, himinröddum, hörpuslatti o. s. frv. eða án þessa.

### Söngskrinur,

er syngja 2 til 16 lög; enn fremur vasatöskur, vindlatrönur, svissnesk barnahús, ljósmyndabækur, ritföng, vetlingastökkr, brjefafarg, blómker, vindla-veski, tóbaksdósir, saumaborð, flöskur, björglós, peningapungur, stólar o. s. frv., allt syngjandi. Af þessu er hið nýjasta jafnan á boðstólum hjá mjer,

J. H. Heller, í Bern.

Allar söngvjarlar, sem nafn mitt stendur eigi á, eru aftir aðra en mig; best er að þanta beinlínis hjá mjer; verðkræf með uppléttum semli jeg ákveip lívegum sem hafa vill.



sívalningi ofan á tækinu. Upp á sívalninginn var smeygt allþykkum hólki úr hörðu, vaxkenndu efni. Meðan hólkurinn snerist á tilteknum, jöfnum hraða, var nál látin strjúkast við vaxhólkinn og um leið dregin hægt til hliðar með skrufugangsverki. Við nálina var tengd hljóðtrekt sem talað var inn í eða sungið. Hljóðbylgjurnar komu hreyfingu á nálina sem skar fingerða hljóðrás í yfirborð hólsins. Að hljóðritun lokinni, var farið til baka að upphafi hólsins, stillingu tækisins breytt í afspilun og nálin látin lesa hljóðrásina af hólk-inum sem aftur snerist með sama hraða. Tækið sá nú um að breyta hreyfingu nálarinnar aftur yfir í tal eða tónlist og flytja með hljóðbylgjum út um trektina að eyrum hlustenda.

## Nýyrði í íslensku

Orð og hugtök, sem tengjast hljóðritunartækjum og hljóðritunartækni, finnast fyrst í íslensku ritmáli skömmu eftir að þessi tækni kemur til sögunnar í Ameríku. Í íslenskum tímarita- og blaðagreinum komu snemma fram bæði erlend orð og íslensk nýyrði um þetta nýtilkomna tæknisvið. Þannig voru tækin á erlendum málum nefnd *fónógraf*, *grafófóinn* eða *diktafóinn* en á íslensku nefnd *talvél*, *hljóðvél*, *hljóðgeymir* eða *hljóðriti*. Gripurinn, þar sem upptakan var varðveitt, var á erlendum málum nefndur *fónógram*, en á íslensku *hljóðrit*.

## Nýar uppgötvanir.

Sá, sem nú er frægastur allra yngri hugvitsmanna er Edison, maður mið-aldra í Bandaríkjunum. Á fáum árum hefir hann uppgötvað ótal undra-vélar. Meðal þeirra eru merkastar. *telefóninn*, *fónografinn* og *mikrofóninn*. Telefóninn er málþráður, sem ekki einungis flytur milli tveggja stada hristinginn, svo vélin, sem tekur við, rispi orðin, heldur hljóðið sjálf. Á þennan hátt geta menn nú heyrt hver annars málrómi, þó sinn sé í hvoru héraði. Fónografinn er ekki rafvél, heldur einskona hljóðvél, sem talað er í, og sem tekur við orðunum og gefur þau aptur eins og skýrt bergmál, en þó ólík klettunum að því, að hún getur geymt bergmálið, ef „dregið er fyrir“, þó menn vildu í þúsund ár. Ef þá er dregið frá, hleypur sama hljóðið eptir sama tónstiga út úr vélinni aptur talandi sömu orð og í sama rómi sem áður var talað inn. List þessi er byggð á næmri hljóðhimnu í vélinni, sem m\* hreifa og stöðva eptir vild þess er á hana. ...

Mikrofóninn eykur hljóðið (heyrnina) á sinn hátt eins og stækkunarglerið stækkar mynd hlutanna fyrir auganu. Gangur mellflugunnar eptir gleri heyrst gegnum þá vél eins skýrt og gangur hests á grjóti. Báðar hinar síðarnefndu vélar eru að sögn bæði einfaldar og ódýrar. ...

*Þjóðólfr.* 15. febr. 1879.

## Fyrstu vaxhólkataeki á Íslandi.

Eitt fyrsta vaxhólkataeki, sem vitað er um með nokkurri vissu hér á landi, virðist hafa verið í eigu tveggja manna á Suðurnesjum nokkru fyrir aldamótin 1900. Þetta má ráða af bréfum sem þeir skrifuðu til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Samkvæmt bréfunum hefur Þorgils Jónsson

(f. 1866), þá lausamaður á Kalmannstjörn í Kirkjuvogssókn, fest kaup á tæki sem nefnt er „graphophone” árið 1897 og selt það Vilhjálmi Hákonarsoni á Stafnesi ári síðar, 1898. Báðir óska eftir leyfi sýslumanns til að sýna tækið og leyfa fólki að hlusta á það gegn borgun.

Um fyrri eigandann, Þorgils Jónsson, er lítið vitað eða af hvaða ástæðu hann eignaðist grafófón, líklega fyrstur manna á Íslandi. Auðveldara er að finna heimildir um Vilhjalm Kristin Hákonarson (1881-1956) því hann kom seinna nokkuð við sögu framfaramála á Suðurnesjum. Hann var um skeið kaupmaður í Keflavík en fékkst einnig við búskap og bjó á Stafnesi. Ungur að árum átti hann þess kost að ferðast til útlanda og dveljast erlendis, bæði austan hafs og vestan. Í Bandaríkjunum komst Vilhjalmur í kynni við lúðrasveitartónlist og beitti sér fyrir því árið 1910 að stofnuð var lúðrasveit sem nefnd var Hornleikarafélag Keflavíkur. Bréf hans til sýslumanns hljóðar svo:

Stafnesi. Þann 6/1 - 98.

Háttvirtu herra sýslumaður!

Hjer með vil jeg leita yðar leyfis um að meiga ferðast um þessa sýslu að sýna og leyfa þeim mönnum er þess æskja fyrir þóknun þ.e.a.s. 25 aura hver 3 lög (sívalninga) að hlýða á málvjel - “Graphophon”, þann er jeg hefi í dag keypt. Jeg vonast til að þjer veitið mjer leyfi þetta, því Þorgils Jónsson á Kalmannstjörn, er seldi mjer hann, ferðaðist með hann í sumar víðsvegar um landið og fjekk viðstöðulaust leyfi allra sýslumanna í þeim byggðarlögum er hann umferðaðist, að sýna á þann hátt og fyrir þann greiða er hjer segjir.

Virðingarfullst.

Vilhjalmur Cr. Hákonarson

Svar yðar um þetta óska jeg að fá sem fyrst.

Samkvæmt bréfabók sýslumanns fékk Vilhjalmur jákvætt svar dagsett 25. janúar 1898 og segir þar orðrétt:

Samkvæmt beiðni yðar í brjefi, dags. 6. þ.m., veitist yður hjer með leyfi til að sýna mönnum hjer í sýslu “Graphophon” fyrir borgun.

Um svipað leyti hefur annar framfarasinnaður athafnamaður að öllum líkindum eignast sams konar vaxhólkataeki, fyrstur Reykvíkinga. Það var Sigfús Eymundsson ljósmyndari og bóksali. Heimild um þetta er m.a. ritsmið eftir Benedikt Gröndal sem hann nefndi *Reykjavík um aldamótin 1900* og kom fyrst út sem tímaritsgrein í Eimreiðinni aldamótaárið 1900. Hér er gripið niður í greininni þar sem Gröndal er að lýsa því hvernig umhorfs var í húsi Sigfúsar Eymundssonar, reisulegu, tvílyftu húsi sem enn stendur á horni Lækjargötu og Austurstrætis. Um herbergjaskipan í húsinu á þeim tíma segir Gröndal:

... þar er ljósmyndahús uppi og þar myndaði Fúsi lengi múg og margmenni, og þótti enginn með mönnum teljandi nema hann væri myndaður af Fúsa; gekk þetta lengi, þangað til Fúsa leiddist, og tók þá Daníel mágur hans við; en í neðri herbergjunum er bókaverzlun allmikil; þar er „Nýja sálmabókin“, þar sem sextú og sjö sálmar byrja á „Ó“ og átján á „Jeg“. Þar í einu herbergi hafði Fúsi „Graphófóninn“, sem hann kom með hingað fyrstur manna og lét syngja á hann og leika lög og orð með göldrum. - ...



### Brautryðjandinn Jón Pálsson.

Elstu hljóðritanir hér á landi, sem vitað er til að varðveist hafi allt fram til okkar daga, voru gerðar árið 1903. Það ár hóf Jón Pálsson merkilegt brautryðjendastarf sitt við að hljóðrita á vaxhólka ýmiss konar efni sem hann taldi til menningaverðmæta og þess virði að varðveitast fyrir komandi kynslóðir. Í handritasafni Jóns í Landsbókasafni, er reyndar heimild sem bendir til þess að hann hafi eignast fyrsta vaxhólkataekið nokkrum árum áður, en þeir vaxhólkar, meðal annars með barnasöng hljóðrituðum austur á Eyrarbakka, hafa sennilega glatast.

Jón Pálsson var Stokkseyringur að ætt og uppruna, fæddur árið 1865 í Syðra-Seli í Stokkseyrarhreppi. Hann var af Bergsætt, sem landskunn er fyrir tónlistargáfur, bróðir Bjarna Pálssonar og Ísólfss tónskálds Pálssonar sem var faðir Páls Ísólfssonar dómorganista og tónskálds. Jón Pálsson lærði ungur að leika á harmóníum og fór snemma að fást við störf sem tengdust hans helsta áhugamáli, tónlistinni. Hann starfaði um langt skeið sem organisti, fyrst í Stokkseyrarkirkju, síðan í Eyrarbakkakirkju og síðast í Fríkirkjunni í Reykjavík. Einnig fékkst hann við innflutning og sölu á hljóðfærum, bæði harmóníum og píanóm. Lengst af vann Jón fyrir sér sem verslunarmaður, bókhaldari og síðast sem bankagjaldkeri í Landsbanka Íslands.

## Um safn Jóns Pálssonar.

Einn helsti heimildarmaður að upptökum Jóns var aldinn forsöngvari vestan af Mýrum, Guðmundur Ingimundarson að nafni. Hann var fæddur árið 1830 og hefur sennilega verið einn með allra elstu söngmönnum í heiminum sem sungu inn á vaxhólka í árdaga hljóðritunartækninnar. Guðmundur kom oftar en einu sinni suður til Reykjavíkur til þess að syngja sálmalög inn á vaxhólka fyrir Jón Pálsson. Í einni slíkri ferð hélt Guðmundur tónleika í Reykjavík og var frá þeim sagt í blaðinu *Ingólfi* þann 21. apríl árið 1907 með þessum orðum:

„Gömlu lögin.“ Guðmundur Ingimundarson á Ölvaldsstöðum á Mýrum boðaði til samkomu í Bárubúð hjer í Reykjavík á föstudags kveldið og söng þar grallaralögin gömlu fyrir fólkið. Þangað kom margt manna til þess að hlýða á þessa nýstárlegu skemmtun og fróðlegu. Guðmundur verður átræður á sumardaginn fyrsta og var hann forsöngvari á Borg um fimm tigu vetra. Hann kann nær tveim hundruðum fornra sálmalaga og fer vel með að þeirra tíma hætti, hefir afarmikla rödd og sterka og þolna, svo að undrum sætir um svo aldradan mann. Hann kom suður hingað til þess að syngja nokkur hinna fornu laga í hljóðgeymi Edisons og firra þau svo gleymsku.

Upptökurnar í hljóðritasafni Jóns Pálssonar eru frá árunum 1903 fram til 1912 og vaxhólkarnir í safni hans voru upphaflega 111 talsins. Á þeim er varðveitt margvíslegt efni, samtals nokkuð á fjórðu klukkustund að lengd. Langmest af því efni er söngur, einkum gömul íslensk sálmalög, en einnig er þar nokkuð af rímnakveðskap og töluðu máli. Jón var húmoristi og hafði gaman af eftirhermum, þess má heyra dæmi í hljóðritasafninu.

Jón Pálsson var merkur brautryðjandi. Hann varð fyrstur til þess hér á landi að beita hljóðritunartækni, sem þá var nýttillkomin, í þeim tilgangi að safna skipulega þjóðfræðilegu efni úr munnlegri geymd og varðveita það með þeim hætti til komandi tíma. Hljóðritunartæki Jóns og vaxhólkasafn hans er nú varðveitt í Þjóðminjasafni Íslands. Fyrir forgöngu Músík og sögu ehf. hafa upptökurnar í þessu elsta hljóðritasafni okkar Íslendinga nú verið gerðar aðgengilegar á vefsíðunni *Ísmús (musik.is/ismus)*.

## Hjálmar Lárusson og Jónbjörn Gíslason

Eftir hljóðritanir Jóns Pálssonar 1903-1912, varð hlé á vaxhólkaupptökum hér á landi í um það bil áratug. Um og eftir 1920 var þráðurinn tekinn upp að nýju og þá af tveimur kvæðamönnum. Þetta voru þeir Hjálmar Lárusson trésmiður og útskurðarmeistari og góðvinur hans, Jónbjörn Gíslason bóndi og síðar múrari. Báðir voru þeir bornir og barnæddir Austur-Húnavetningar og kynntust þegar þeir voru samtíða á Blönduósi um og eftir 1910. Þeir voru góðir kvæðamenn og einlægir áhugamenn um varðveislu rímnakveðskaparins. Báðir fluttust þeir suður til Reykjavíkur um 1920 og nokkru seinna eignuðust þeir hvor sitt vaxhólkatækið sem þeir notuðu síðan til þess að hljóðrita rímnastemmur og kvæðalög. Í hljóðritasöfnum þeirra eru um 120 vaxhólkar með samtals um 4 klukkustundum af rímnakveðskap. Á þessum upptökum kveða þeir báðir og þá langoftast saman en sjaldan hvor í sínu lagi. Auk þess fengu þeir til liðs við sig börn Hjálmars svo og ýmsa góða kvæðamenn og kvæðakonur þessa tíma.

Um kaup Jónbjörns á vaxhólkatækinu og ýmislegt þessu tengt er til fróðleg samantekt í grein eftir Júdítt Jónbjörnsdóttur sem birtist í ársritinu *Húnavöku* árið 1982. Þar segir hún meðal annars um hljóðritanir föður síns:

„Það hefur líklega verið 1921 að Jónbjörn var á gangi í Hafnarstræti í Reykjavík og nam staðar við glugga á verzluninni Edinborg. Sá hann þar áhald sem bar uppi auglýsingar og sneri þeim. Gekk hann inn og spurði um þetta tæki. Honum var sagt að þetta væri Edisons diktafónn, og gæti hann tekið upp tal og tóna á þar til gerða hólka úr vaxi. Jónbjörn falaði gripinn til kaups og fór með hann heim með sér. Einnig fékk hann nokkra hólka - vaxhólka - til að taka á. Keypti hann svo fleiri og urðu valsarnir að lokum yfir 80 talsins. Diktafónnum - hljóðritanum - fylgdu tvær trektar, önnur úr pappa, sem nota átti við upptöku, en hin úr málm, til útspilunar. Eflaust hefur það verið mikil hátíðarstund, er þeir Hjálmar hófu að kveða inna á hólkana allar eftirlætis stemmurnar. Nú var þeim borgið, nú voru þær skráðar. ... .”

Árið 1924 fór Jónbjörn með hljóðritann norður í land og hljóðritaði kveðskap á Blönduósi. Einnig heimsótti hann Ólöfu skáldkonu frá Hlöðum og tók upp stemmur sem hún kvað við eigin ljóð. Þótti honum mikill fengur að þeirri hljóðritun.

Árið 1925 fluttist Jónbjörn til Kanada, settist að í Winnipeg og fékkst þar einkum við múrverk. Vestra hélt hann áfram söfnunarstarfinu og hljóðritaði rímnakveðskap meðal frænda og vina sem flust höfðu vestur um haf að norðan. Hann fór margar ferðir norður í byggðir Íslendinga og ferðaðist með lestum svo sem hægt var en hélt svo áfram fótgangandi. Batt hann þá saman með leðurólum hljóðritann og kassann með vaxhólkasafninu og bar þessar þungu byrðar á öxlum sér, í bak og fyrir, milli bæja og heimila í byggðum



Íslendinga, til þess að landar hans þar vestra gætu hlustað á kveðskap að heiman.

Á gamals aldri flutti Jónbjörn aftur til Íslands og hafði með sér hljóðritann og vaxhólkasafnið. Komst hvort tveggja heilu og höldnu aftur heim á ættlandið og er nú varðveitt í Stofnun Árna Magnússonar. Þar er einnig vaxhólkasafn Hjálmars Lárussonar en tæki hans hafði áður verið afhent Þjóðminjasafni Íslands.

## Jón Leifs

Síðastur frumköðla við hljóðritanir á vaxhólka og þeirra langþekktastur var Jón Leifs tónskáld. Hann var lengi búsettur í Þýskalandi en kom nokkrum sinnum heim til Íslands í þeim tilgangi meðal annars að safna íslenskum þjóðlögum. Í þremur Íslandsferðum hafði hann meðferðis hljóðritunartæki og tók með því upp á vaxhólka þjóðlög og rímnakveðskap á árunum 1926, 1928 og síðast á fjórða áratugnum, líklega árið 1934, en þá dvaldi Jón nokkur ár á Íslandi og gegndi um skeið starfi tónlistarstjóra Ríkisútvarpsins. Í safni Jóns Leifs eru samtals 76 vaxhólkar. Á þeim er varðveitt fjölbreytt og mjög merkilegt efni, meðal annars fágætar hljóðritanir með íslenskum tvísöngslögum og tvísöngsstemmum sem Jón hljóðritaði eftir skagfirskum og húnvetnskum söngmönnum og kvæðamönnum. Jón Leifs rannsakaði íslensku þjóðlögin, gaf þau út á prenti og skrifaði um þau margar greinar í þýsk og íslensk tímarit. Jafnframt notaði hann íslensk þjóðlög og stefjaefni úr þeim á margvíslegan hátt í tónsmíðum sínum. Hljóðritasafn Jóns Leifs er varðveitt á tveimur stöðum. Frumrit vaxhólkanna, einnig málmasteypur þeirra (einskonar negatív mót úr málm) og afrit af þeim, eru varðveitt í Museum für Völkerkunde í Berlín. Annað afrit vaxhólkanna gaf Jón Leifs til varðveislu í Þjóðminjasafni Íslands, þar eru einnig plötuafrit að síðustu 10 vaxhólkunum sem hljóðritaðir voru á 4. áratugnum. Um þetta merkilega hljóðritasafn og sögu þess hefur Árni Björnsson þjóðháttufræðingur skrifað grein sem birt er á sérstökum vef um Jón Leifs ([http://www.jon-leifs.is/lab\\_grein.html](http://www.jon-leifs.is/lab_grein.html)). Allar vaxhólkaupptökur Jóns eru nú aðgengilegar á fyrrnefndri vefsíðu Músík og sögu, *Ísmús* ([musik.is/ismus](http://musik.is/ismus)).

## Endir vaxhólkanna

Tímabil vaxhólkanna í hljóðritunarsögunni hófst í lok 19. aldarinnar og skaraðist við hljómplöturnar fyrstu áratuginna eftir að þær komu fram á sjónarsviðið. Vaxhólkarnir náðu aldrei mikilum vinsældum til útgáfu, þar viku þeir fljótt fyrir tæknilegum yfirburðum og tóngæðum hljómplötunnar. Hins vegar voru vaxhólkar talsvert notaðir fram eftir tuttugustu öldinni til hljóðritana og söfnunar menningarefnis,

meðal annars í tengslum við tónvísindi og einkum þó við rannsóknir í mannfræði og þjóðfræði víða um heim. Einnig voru þeir notaðir víða um lönd sem „diktafónar“, m.a. til bréfaskrifta. Hér á landi var aðaltímabil vaxhólkanna til hljóðritana frá árinu 1903 og fram undir 1940 en reyndar munu þeir eitthvað hafa verið notaðir við upptökur í tengslum við bréfaskriftir í stofnunum og fyrirtækjum í Reykjavík, jafnvel fram um 1950.



## Hljómplötur - Grammófónar

Það sem við tekur, að afloknu tímabili vaxhólkatekjanna, er öld hljómplötunnar og grammófónsins. Hljóðritun tónlist á vaxhólkum heyrðist fyrst hér á landi á síðustu árum 19. aldar og nokkru síðar, rétt fyrir aldamótin 1900, munu fyrstu grammófónarnir hafa komið hingað til lands. Grammófóninn var fundinn upp árið 1887, réttum áratug eftir að Edison fann upp hljóðritann. Sá sem fann upp grammófóninn og grammófónplötuna, var Emile Berliner (1851-1929), þýskur uppfinningamaður sem ungar að aldri flutti til Ameríku og settist að Bandaríkjunum, fyrst í Washington og síðar í New York. Fjöldaframleiðsla á grammófónum hófst undir lok 19. aldar, bæði vestan hafs og austan. Jafnframt var farið að hljóðrita tónlist af margvíslegu tagi og gefa út á 78 snúninga hljómplötum. Til sögunnar komu hljómplötu-fyrirtæki og hljómplötuútgefendur, sum slíkra fyrirtækja átta mikilli velgengni að fagna og starfsemi þeirra eflist mjög eftir því sem leið á 20. öldina. Meðal þekkra fyrirtækja á þessu sviði má nefna plötuforlögin His Master's Voice, Columbia Gramophone Company, DECCA Record Company og Parlophone.

Þegar tímar liðu fram, varð til margvísleg starfsemi í tengslum við hljómplötugerð, upptökur og hljómplötuútgáfu þar sem saman fléttuðust ýmis störf á sviðum listgreina, tæknigreina, iðngreina og viðskiptagreina. Hljómplatan varð með tímanum ein helsta tækniþyting 20. aldarinnar og hafði gífurleg áhrif, ekki síst á þjóðmenningu, skemmtanir og dægurvöl um allan heim. Tækniþróun og umfangsmikil fjöldaframleiðsla leiddi brátt til þess að grammófónar og grammófónplötur lækkuðu í verði og það svo mjög, að slík tæki gátu orðið almenningsseign þegar leið á 20. öldina. Tónlistarmenn, ekki síst söngvarar, voru fljótir að tileinka sér þessa nýju tækni og urðu sumir þeirra heimsfrægir fyrir söng sinn inn á hljómplötur strax í byrjun aldarinnar sem leið. Einn þeirra var tenórsöngvarinn Enrico Caruso.

Ekki er vitað fyrir vísit hvaða ár fyrstu grammófónarnir og grammófónplöturnar komu hingað til lands en talið er að það hafi verið fyrir aldamótin 1900. Elsta heimild um orðið grammófón í ritmálssafni Orðabókar Háskólans er frá árinu 1897, réttum áratug eftir að Emile Berliner fann upp þetta undratæki. Í janúarmánuði það ár birtist í vikublaðinu *Fjallkonan* eftirfarandi frétt um grammófóninn:

Ný talvél. *Gramófón* heitir ný talvél, sem er svipuð hljóðritanum (fónógrafinum), enn er sögð einfaldari og miklu ódýrari. Með þessari vél, sem kostar ekki nema 65 kr. (fónógrafinn kostar 1000 kr. og þar yfir) má flytja ræður, söng og allskonar hljóðfærslátt; þarf ekki annað enn fá plötu (cliché) af ræðunni eða söngnum, og kostar hver plata 1. kr. 80 aur.

Ekki er vitað með neinni vissu hvenær byrjað var að panta grammófóna og grammófónplötur erlendis frá, ellegar hvenær slíkir gripir voru fyrst boðnir til sölu í verslunum hér á landi. Hitt er vísit að ein allra elsta auglýsing sem fundist hefur um grammófón í íslensku blaði, birtist í *Þjóðólfi* 25. ágúst árið 1900.

## Fyrstu plötur með íslenskri tónlist

Útgáfa íslenskrar tónlistar á hljómplötum hófst þegar áratugur af 20. öldinni var liðinn. Þetta upphaf miðast við þann atburð þegar íslenskt tónverk var í fyrsta sinn hljóðritað á hljómplötu. Allt fram á síðustu ár hefur ártalið verið nokkuð á reiki en nú hefur Runólfur Þórðarson verkfræðingur og plötusafnari fengið öyggjandi heimild fyrir því að fyrstu plötur með íslenskri

## Íslenskar Gramófón-plötur.

Bókverzlun Ísafoldar hefur fengið allmiklar birgðir af hinum margþráðu íslensku gramófónplögum, sem Pétur Jónsson hefur sungið:

Fífilbrekka gróin grund.

Gígjan.

Augun bláu.

Hver plata kostar 2 kr.

Eftirspurnin mikil. Því ráðlegast að hraða kaupunum.

tónlist voru teknar upp í Kaupmannahöfn árið 1910. Þann 23. ágúst það ár söng Pétur Á. Jónsson þrjú íslensk lög inn á plötur. Eftir því sem best er vitað, hefur ekkert eintak varðveist af tveimur fyrstu lögnum, en þau voru *Dalvísur* eftir Árna Thorsteinsson við texta Jónasar Hallgrímssonar og *Augun bláu* eftir Sigfús Einarsson við texta Steingríms Thorsteinssonar. Hins vegar er til í safni Ríkisútvarpsins eitt mjög illa farið eintak af plötu með þriðja laginu sem var *Gígjan* eftir Sigfús Einarsson við texta Benedikts Gröndal. Lagið var gefið út á 78 snúninga plötu af útgáfufyrirtæki His Master's Voice, síðla árs 1910. Sennilega hefur þennan umrædda dag verið hljóðritað enn eitt lag sem ekki var gefið út.

Önnur merk plata var samkvæmt sömu heimild tekin upp í Stokkhólmi 21. ágúst 1912. Þá var lagið við þjóðsönginn, *Ó, guð vors lands*, eftir Sveinbjörn Sveinbjörnsson leikið inn á plötu, útsett fyrir hljómsveit.

Pétur Á. Jónsson varð fyrstur til að syngja íslensk sönglög inn á plötur og hann varð einnig fyrstur íslenskra söngvara til þess að syngja óperutónlist inn á hljómplötur. Pétur gat sér mikið frægðarorð fyrir óperusöng á erlendum vettvangi. Hann starfaði um langt árabíl sem tenórsöngvari við þekkt óperuhús í Þýskalandi, meðal annars í Kiel, Darmstadt, Berlín og Bremen. Einkum gat hann sér gott orð fyrir söng í óperum eftir Richard Wagner, ekki síst sem Sigfried í *Niflungahringnum*. Elstu upptökur sem varðveittar eru með óperusöng Péturs eru atriði úr 1. og 2. þætti þætti óperunnar *Tannhäuser* eftir Wagner, sem hljóðrituð voru í Þýskalandi og gefin út á 78 snúninga plötu hjá útgáfufyrirtækinu Parlophone árið 1922.

Eftir að allra fyrstu plöturnar komu út í ágústmánuði 1910, fór íslensk hljómplötuútgáfa hægt af stað. Fram til 1920 komu út einungis fáeinar plötur, einkum með íslenskum sönglögum í flutningi íslenskra söngvara. Verulegur skriður komst hins vegar á plötuútgáfu eftir 1920 og um miðjan 3. áratuginn voru komnar út um 35 hljómplötur með íslenskri tónlist. Allar voru þessar plötur hljóðritaðar í útlöndum og með þeim hætti að söngur og hljóðfæraleikur fór beint í gegnum hljómtrekt inn í plötuskurðarvélnar, því þetta var fyrir daga rafknúinna hljóðnema. Þeir komu til sögunnar um 1925 og höfðu í för með sér stórbætt tóngæði við upptökur og útgáfu tónlistar á hljómplötum. Meðal helstu söngvara sem sungu inn á 78 snúninga plötur í árdaga íslenskrar plötuútgáfu og fram á 3. áratuginn voru auk Péturs Á. Jónssonar þeir Einar Hjaltested, Eggert Stefánsson og Sigurður Skagfield.

## 78 snúninga plötur, 1930-1950/60

Árið 1930 markaði straumhvörf á ýmsum sviðum hér á landi, þar á meðal í útgáfu hljómplatna. Í tengslum við Alþingishátíðina þá um sumarið, var gert mjög myndarlegt átak í útgáfu á hljómplötum með íslenskri tónlist. Á hátíðinni var mikið um tónlistarflutning af margvíslegu tagi, bæði söng, hljóðfæraleik og rímnakveðskap. Til stóð að taka tónlistarflutninginn upp á hátíðinni á Þingvöllum og voru í þeim tilgangi komnir hingað til lands upptökumenn frá útlöndum fyrir atbeina fedganna Ólafs Magnússonar kaupmanns og Haraldar Ólafssonar, síðar forstjóra í Fálkanum. Vegna slæmra veðurskilyrða tókst ekki að hljóðrita flutninginn á sjálfum hátíðardögnum. Var þá brugðið á það ráð að endursflytja tónlistaratriði hátíðarinnar innanhúss í Reykjavík og var íþróttahúsi KR, sem áður var samkomuhúsið „Báru-búð“, snarlega breytt í upptökuhljóðver. Þar voru á fáeinum dögum gerðar hljóðritanir sem síðan voru gefnar út á rúmlega 100 hljómplötum á vegum Fálkans en undir merki Columbia-útgáfufyrirtækisins á árunum 1930-33.

Ein af fyrstu plötunum, sem teknar voru upp og gefnar út árið 1930, hefur að geyma þjóðsönginn, *Ó, guð vors lands*, eftir Sveinbjörn Sveinbjörnsson og Matthías Jochumsson. Flytjendur eru sameinaður söngflokkur íslenskra karlakóra, sem fram kom á Alþingishátíðinni á Þingvöllum, og var kallaður Landskórið. Söngstjóri er Jón Halldórsson, lengi söngstjóri Karalakórs KFUM, sem síðar varð Karlakórinn Fóstbræður. Þessi hljóðritun var gefin út á vegum Fálkans árið 1930 á 78 snúninga plötu frá fyrirtækinu Columbia, sem bar útgáfunúmerið DI 1001.

Eitt af því sem einkennt hefur hljómplötur og hljómplötuútgáfu í gegnum tíðina, hér á landi sem annars staðar, er það, að við og við koma fram plötur sem „slá í gegn“ eins og það er gjarnan nefnt í daglegu tali. Í flestum tilvikum er um að ræða eitt tiltekið lag á viðkomandi plötu, sem umsvifalaust hlýtur óvenju mikinn og sterkan hljómgrunn meðal almennings og nýtur síðan ómældra vinsælda eftir það um lengri eða skemmri tíma. Lög af slíku tagi geta jafnvel komist á hvers mann varir á örstuttum tíma. Og einstöku sinnum kemur fyrir að þau grópa sig í þjóðarsálina með einhverjum undraverðum og óskýranlegum hætti, þannig að þau eiga allt upp frá því sinn sérstaka sess hjá þjóðinni og má segja að þannig verði þau sannkölluð þjóðlög, enda þótt uppruninn sé kunnur, bæði lagsins og textans.

Ein fyrsta 78 snúninga platan sem sló rækilega í gegn og naut eftir það mikilla vinsælda um áratugaskeið og heyrst jafnvel enn þann dag í dag í Útvarpinu, var plata sem Hreinn Pálsson söng inn á árið 1932 úti í London. Á annarri hlið þessarar plötu var lagið *Dalakofinn*, eða *Vertu hjá mér Dís*, erlent lag eftir lítið þekktan höfund sem nefndur er Arch Joyce, við texta eftir Davíð skáld Stefánsson frá Fagraskógi. Þetta lag var gefið út á vegum Fálkans á 78 snúninga plötu frá Columbia.

Allt fram á 4. áratuginn voru íslenskar plötur teknar upp í útlöndum, að undanskildum plötunum sem teknar voru upp í Bárubúð 1930. Eins og nánar verður vikið að síðar, var Ríkisútvarpið stofnað í árslok það sama ár en dagskrárefnið var einungis flutt í beinni útsendingu fyrstu árin þar til Útvarpið eignaðist hljóðritunartæki. Úr þessu var reynt að bæta að nokkru fyrir frumkvæði fyrsta útvarpsstjórans, Jónasar Þorbergssonar. Hann fékk hingað til lands erlenda upptökumenn frá Columbia-útgáfufyrirtækinu, í samstarfi við umboðsaðila þess, sem voru fyrrnefndir feðgar og frumkvöðlar í Fálkanum. Þetta varð til þess að á árinu 1933 komu út margar Columbia-hljómplötur sem teknar voru upp hér á Íslandi þá um vorið, bæði í Reykjavík og norður á Akureyri. Meðal þessara hljóðritana frá 1933 voru fyrstu plötur með Karlakór Reykjavíkur, einnig létu norðlenskir karlakórar á Siglufirði og á Akureyri til sín heyra, og ungir, efnilegir söngvarar sungu inn á sínar fyrstu plötur.

Ein frægasta söngplata, íslensk, sem nokkru sinni hefur komið út og sú sem mest hefur verið spiluð allt frá útgáfudegi og fram á síðustu tíma, var 78 snúninga plata með einungis einu lagi en var að á hinni hliðinni. Þetta eina lag plötunnar var hið fræga *Ökuljóð* í flutningi Stefáns Íslandi tenórsöngvara sem söng einsöng með Karlakór Reykjavíkur en stjórnandi var Sigurður Þórðarson. Upptakan fór fram í Kaupmannhöfn árið 1937 og kom út á 78 snúninga plötu hjá His Master's Voice. Lagið er rússneskt þjóðlag við íslenskan texta eftir Freysteinn Gunnarsson.

Árið 1932 hófu fjórir ungir menn í Menntaskólanum á Akureyri að æfa saman kvartettsöng, þetta voru bræðurnir Þorgeir og Steinþór Gestssynir frá Hæli í Gnúpverjahreppi, Norðlendingurinn Jakob V. Hafstein og Dalamaðurinn Jón frá Ljárskógum. Söngflokk sinn nefndu piltarnir MA-kvartettinn og saman sungu þeir síðan af og til í heilan áratug eða þar um bil. Þeir félagar héldu yfir eitt hundrað söngskemmtanir víðs vegar um landið og þrettán sinnum sungu þeir í Útvarpið. Er skemmst frá því að segja að MA-kvartettinn varð einn allra vinsælasti sönghópur sem fram kom á 20. öldinni og enn þann dag í dag nýtur söngur hans mikilla vinsælda meðal almennings. Af þeim rúmlega eitt hundrað lögum sem MA-kvartettinn æfði og flutti á söngferli sínum voru það einungis átta lög og lagasyrpur sem út komu á 78 snúninga plötum og hafa þær hljóðritanir nýlega verið endurútgefnar á geisladiski.

Eitt eftirminnilegt dæmi er til um það að íslenskt dægurlag hafi hlotið alþjóðarhylli á einni nóttu. Sigfús Halldórsson tónskáld og söngvari samdi lítið lag við vísukorn eftir lítt þekktan höfund vestan úr Reykhólasveit, Sigurð Elíasson að nafni. Þetta litla og vel heppnaða lag var *Litla flugan*. Höfundurinn, Sigfús Halldórsson, söng það fyrst og spilaði sjálfur undir á píanó í skemmtiþætti sem Pétur Pétursson sá um í Útvarpinu á þessum tíma. Þetta

mun hafa verið veturinn 1950-51. Haft er eftir Sigfúsi sjálfum að daginn eftir þáttinn hafi honum aldeilis brugðið, því hvar sem hann kom, heyrði hann lagið raulað, meira að segja börn á barnaleikvöllum sungu lagið hans. Síðan hefur ekkert getað stöðvað *Litlu fluguna*, þjóðin syngur hana enn.

78 snúninga plötur voru oftast gefnar út sem stakar plötur og var þá sérstakt umslag utan um hverja plötu, stundum vel frágengið og myndskreytt. Öskjur eða albúm með mörgum plötum voru einnig til, en ekki algeng í plötuútgáfu hér á landi. Eitt mjög sérstætt plötualbúm er til með sex 78 snúninga plötum, sem hafa að geyma orgelleik Páls Ísólfssonar með verkum eftir Johann Sebastian Bach, hljóðrituðum í London í tilefni af 60 ára afmæli Páls, árið 1953. Plöturnar eru í afar vönduðu albúmi og voru öll ein-tök upplagsins tölusett og árituð af listamanninum, Páli Ísólfsyni.

Tímabil 78 snúninga platnanna hófst með fyrstu söngplötum Péturs Á. Jónssonar árið 1910 og því lýkur ekki fyrir en hálfri öld síðar, eða um 1960. Á þessu fimmtíu ára tímabili var gefið út ótrúlega mikið af margvíslegu íslensku tónlistarefni á 78 snúninga plötum. Fjölmargir tónlistarmenn, söngvarar og hljóðfæraleikarar, hljómsveitir og kórar komu fram á þessu tímabili og áttu sitt gullaldarskeið á öld 78 snúninga platnanna. Þetta listafólk kom úr öllum greinum íslenskrar tónlistar, og margt af því setti mikinn svip á sína samtíð.

## Ríkisútvarp stofnað - Hljóðritun 1930 - 1950 Skornar lakkplötur

Í árslok 1930 urðu mikil þáttaskil í íslenskri menningarsögu við stofnun Ríkisútvarpsins sem hóf formlegar útsendingar að kvöldi sunnudagsins 20. desember. Fyrstu árin var allt útvarpsefni, bæði tónlist og talað orð, flutt í beinni útsendingu og ekkert af því efni er nú varðveitt, því engin upptökutæki voru til á þeim tíma í Útvarpinu.

Það var ekki fyrir en síðla árs 1935, sem útvarpið eignaðist fyrstu plötuskurðarvélina,



*Gunnar Pálsson syngur í útvarpssal við undirleik Páls Ísólfssonar og Þórarins Guðmundssonar*

með útbúnaði til að skera upptökur á svokallaðar lakkplötur. Slíkar plötur voru upp frá því notaðar til hljóðritunar í Ríkisútvarpinu næstu 15 árin eða allt fram yfir 1950 þegar segulbönd komu til sögunnar. Reyndar voru lakkplötur notaðar í Ríkisútvarpinu fram yfir 1960, eða um áratug samhliða segulböndum.

Lakkplötur voru gerðar úr hringlaga kjarna sem oftast var úr málmni en stundum úr gleri. Á báðum hliðum plötunnar var kjarnaefnið þakið með þunnri húð úr lakki, ýmist svörtu eða glæru að lit og í þetta lakkefni var upptakan skorin með plötuskurðarvélinni, um leið og sungið var eða talað í vélina. Lakkplötur með hljóðrituðu efni til dagskrár- og þáttagerðar eru til í hundraðatali í hljóðritasafni Útvarpsins.

Elsta lakkplata sem varðveist hefur í safni Ríkisútvarpsins hefur að geyma viðtal Vilhjálms Þ. Gíslasonar, síðar útvarpsstjóra, við Jóhannes Kjarval listmálara, í tilefni af afmælissýningu á fimmtugsafmæli listamannsins. Upptakan var skorin á lakkplötu í Landssímahúsinu við Austurvöll þann 15. október árið 1935. Þann sama dag var einnig gerð elsta tónlistarupptakan á lakkplötu. Þar spila saman þeir tveir hljóðfæraleikarar, sem fyrstir voru ráðnir til þess að gegna tónlistarstörfum hjá Ríkisútvarpinu, en það voru Þórarinn Guðmundsson fíðluleikari og Emil Thoroddsen píanóleikari. Á þessari upptöku léku þeir saman þátt úr konsert eftir Berlioz.

Nokkuð langur tími virðist hafa liðið frá því að fyrsta plötuskurðarvél kom í Ríkisútvarpið þangað til þar voru fyrst hljóðrituð íslensk sönglög. Ekki hafa, enn sem komið er, fundist eldri söngupptökur en frá ársbyrjun 1936. Frá þeim tíma er til ein mjög athyglisverð og lítið kunn hljóðritun. Það er lakkplata með upptöku á sönglagi og texta eftir Jónatan Ólafsson í flutningi Einars Markan söngvara við undirleik Útvarpshljómveitarinnar. Upptakan var skorin á lakkplötu 25. febrúar 1936.

Plötuskurðarvélum fór fjölgandi hér á landi þegar líða tók á 4. áratuginn og jafnframt kom til sögunnar sérstök gerð af lakkplötum til hljóðritana, sem nefndar voru „silfurplötur“. Um og eftir 1935 var á fleiri en einum stað í Reykjavík komið upp plötuskurðarvélum og hafin starfsemi við að hljóðrita á slíkar silfurplötur. Var auglýst sú þjónusta, við sanngjörnu verði, að viðskiptavinir slíkra fyrirtækja gætu komið þar inn og talað, sungið eða kveðið inn í plötuskurðarvélina og síðan haft heim með sér „rödd sína á silfurplötunni“, eins og það var stundum nefnt í auglýsingum. Merkar hljóðritanir voru gerðar á árunum 1935–36 með 200 rímnalögum sem félagar í Kvæðamannafélaginu Iðunni kváðu inn á 50 silfurplötur. Þessar hljóðritanir hafa nýverið komið út í veglegri útgáfu á geisladiskum.



## Stálþráður

Í heimsstyrjöldinni síðari og einkum þó að henni lokinni, komu fram tækninýjungar sem síðar átta eftir að hafa mikil áhrif á þróun hljóðritunartækninnar. Ein af þessum nýjungum var að nota rafsegulmagnaðan málmþráð til hljóðritunar með þar til gerðum tækjum sem á íslensku voru kölluð stálþráðartæki. Þessi nýju tæki höfðu ýmsa kosti umfram plötuskurðarvélar- ar og ekki síst þann, að þau voru fyrirferðarminni og léttari í meðförum. Tímabil stálþráðartækninnar hér á landi var ekki langt, eða frá árunum 1946 eða 47 og nokkuð fram yfir 1950. Gamlar stálþráðarupptökur reyndust síðar meir tæknilega nokkuð erfiðar viðfangs til afritunar, því helst þurfti að nota sama tækið til upptöku og afspilunar á stálþráðinum. Eigi að síður er varðveitt nokkuð af merkjum hljóðritunum frá þessu tímabili í safni Útvarpsins. Ein sú þekktasta er lýsing Hendriks Ottóssonar fréttamanns á upphafi eldgossins úr Heklu í mars 1947.

## Segulbönd

Árið 1950 kemur til sögunnar tækninýjung sem ófáð má telja eitt helsta og mikilvægast skref til framfara sem um getur í 100 ára sögu hljóðritunartækninnar. Það var þegar fyrst komu til notkunar hér á landi segulbönd og segulbandstæki sem þá voru nýlega komin á markaðinn í útlöndum, bæði vestan hafs og austan. Segulbönd eru gerð úr næfurpunnu, plastkenndu gerviefni, sem vafið er upp á hringlaga spólu. Grunnefni bandsins er oftast tæplega hálfur sentimetri á breidd, á því er enn þynnri húð úr efni sem unnt er segulmagna. Í þessu segulmagnslagi festist upptakan um leið og bandið er látið strjúkast fram hjá sérstökum búnaði sem breytir hljóðbylgjum í rafsegulbylgjur fyrir tilverknad hljóðnema og magnara segulbandstækisins. Þegar upptöku er lokið og búíð er að spóla til baka að upphafinu, er stillingunni breytt á afspilun og búnaður tækisins sér nú um að nema rafsegulbylgjarnar af segulbandinu og breyta þeim aftur yfir í hljóðbylgjur sem berast frá hátalara að eyrum hlustandans.

Segulbönd og segulbandatæknin reyndist með tímanum hafa marga kosti umfram eldri plötuskurðar- og stálþráðartækni. Í fyrsta lagi urðu segulbands- upptökur með tímanum miklu betri að gæðum heldur en áður hafði þekkt.

☆☆☆☆  
☆☆☆☆  
☆☆☆☆  
☆☆☆☆

„BEVERE“  
segulbandstæki  
hafa  
gafur  
silfurða  
vel lét  
á landi.

Allar nýjustu og fullkomnustu hljóðupptökur eru má orðið gæður á segulbandi í upphafi, en síðan fluttar yfir á grammólanplötur.

„SCOTCH“ segulbandið lýktu ekk öllu íttan til þessara nota.

Radio & Raftækjustofan,  
Óðinsgeita 2,  
Reykjavík,  
Sími 51273,  
Bux 735.

Segulbandstæki til hljóðritunar og afspilunar voru smíðuð og framleidd í margvíslegum stærðum, verð- og gæðaflokkum. Lítil og meðfærileg ferðatæki voru hönnuð sérstaklega til notkunar við öflun á hljóðrituðu efni til dag-skrángerðar í útvarpi og til varðveislu í hljóðritasöfnum. Önnur voru ætluð til heimilisnota. Enn önnur voru sérhönnuð fyrir tónver, útvarpsstöðvar og hljómplötuupptökur. Segulböndin sjálf reyndust þægileg í meðförum og á þeim mátti varðveita mikið af hljóðrituðu efni. Geymsluþolið hefur þó með tímanum reynst mismikið eftir upphaflegum gæðum og þykkt bandanna. Þá var einn mikilvægur kostur segulbandsins sá, að hverja spólu mátti endurnota til hljóðritunar aftur og aftur og hvarf þá eldri upptakan fyrir þeirri nýju. Þessi endurnýtingarkostur segulbandanna hefur þó í tímans rás reynst varhugaverður og oft orðið til skaða. Óbætanlegt tjón af þessu tagi hefur marg sinnis orðið þegar dýrmætar frumupptökur með menningarlegu efni í tali eða tónum voru óviljandi eða viljandi eyðilagðar með því að taka yfir þær eitthvert léttmeti, einungis vegna þess að nýjar og óateknar spólur voru annað hvort af skornum skammti eða að þær þurfti að spara því þær kostuðu sitt verð í innkaupum.

Segulbönd hafa nú verið notuð í rúmlega hálfra öld, einkanlega til hljóðritunar og varðveislu útvarpsfnis og segulbandasafn Ríkisútvarpsins er það langstærsta sinnar tegundar hér á landi. Fleiri merk segulbandasöfn eru til, í söfnum, fyrirtækjum, félögum og hjá einkaaðilum.

## **Hæggengar hljómplötur - 45 snúninga - 33 snúninga.**

Um miðjan 6. áratuginn, á öldinni sem leið, komu til sögunnar mikilsverðar nýjungar á sviði hljómplatna og hljómplötuútgáfu. Þar var um að ræða hæggengar hljómplötur, fyrst 45 snúninga plötur og síðar 33 snúninga plötur, sem með tímanum leystu af hólmi gömlu 78 snúninga plöturnar þegar leið á 6. áratuginn. Þessum nýju plötum fylgdu brátt nýjar gerðir af rafknúnum plötuspilurum og tilheyrandi mögnurum. Allar þessar framfarir og tækninýjungar höfðu í för með sér meiri tóngæði en áður höfðu þekkt í flutningi tónlistar af hljómplötum.

Helstu kostir, sem hinar nýju 45 snúninga plötur höfðu umfram þær gömlu, voru einkum að þær voru minni, eða 7 tommur í þvermál, en þó rúmuðu þær um það bil helmingi meira efni og voru því oft tvö lög á hvorri hlið nýju platananna. Auk þess voru nýju plöturnar úr sveigjanlegu efni og ekki nærri eins brothættar eins og þær gömlu.

78 snúninga plöturnar reyndust þrátt fyrir allt ærið lífseigar og nokkuð var um útgáfu þeirra og notkun fram yfir 1960, en eftir það hurfu þær smám saman að mestu af sjónarsviðinu. Talsvert af því tónlistarefni sem út kom upphaflega á 78 snúninga plötum, hefur á síðari árum verið afritað og endurútféið á hæggengar plötum og á geisladiskum.

Ein fyrsta íslenska 45 snúninga platan var gefin út árið 1954 af útgáfufyrirtæki Tage Ammendrups, Íslenskir tónar. Á plötunni eru endurútgefin fjögur dægurlög sungin af Alfréð Clausen sem áður höfðu komið út á 78 snúninga plötum. Þessi 45 snúninga plata, með útgáfunúmerinu EXP-I.M.1, er afar fágæt, en upphaflega voru lög- in gefin út á 78 snúninga plötu árið 1952. Ein allra vinsælasta og mest spilaða 45 snúninga plata sem út var gefin með íslenskum dægurlögum, var plata frá árinu 1960 þar sem Ragnar Bjarnson syngur lagið *Vertu ekki að horfa svona alltaf á mig*. Það sló rækilega í gegn, náði fljótt afar miklum vinsældum og var spilað árum saman í óskalaþáttum Útvarpsins.

Síðari gerðin af hæggengum hljómplötum voru 33 snúninga plöturnar sem komu til sögunnar hér á landi eftir miðjan 6. áratuginn. Þær voru af tveimur stærðum, þær minni voru 10 tommur í þvermál og fremur sjaldgæfar en þær stærri og miklu útbreiddari voru 12 tommu plöturnar, sem stundum voru kallaðar breiðskífur. Allar hæggengu hljómplöturunar voru gerðar úr sveigjanlegu, plastkenndu efni sem nefnt er vinyl og því eru plötur- nar, ekki síst í seinni tíð, nefndar vinylplötur til aðgreiningar frá geisladisk- um.

Ein af fyrstu 33 snúninga plötunum var 10 tommu plata sem hafði að geyma endurútgáfu fágætra 78 snúninga platna með óperusöng tenórsöngv- arans góðkunnna Stefáns Íslandi. Sú plata mun hafa komið út árið 1956. Einnig mun hafa komið út á því ári fyrsta íslenska 33 snúninga platan með tónverkum fyrir píanó í flutningi Gísla Magnússonar píanóleikara. Þetta var fyrsta 12 tommu breiðskífan sem hafði að geyma íslensk tónverk fyrir píanó. Báðar þessar plötur voru gefnar út á vegum Fálkans hf.

Nokkrum árum seinna, eða árið 1960, komu út hjá Íslenskum tónum 12 tommu plötur sem nefndar voru *Söngvar frá Íslandi*. Þær eru nú afar fágætar.

Um og eftir 1960 kom fram enn ein tækninýjungin á sviði hljóðritunar- tækni, hljómflutningtækja og útgáfu hljómplatna. Þetta var stereó-tæknin,



sem á íslensku hefur verið kölluð víðómur. Þessi tækni er í því fölginn að viðkomandi hljóðritun, til dæmis á tónverki fyrir kór eða hljómsveit, er tekin upp með tveimur eða fleiri hljóðnemum. Síðan er sérstakur tækjabúnaður notaður til tæknilegrar og listrænnar hljóðblöndunar á þessari marggrása upptöku. Hún er síðan sett inn á stereófóníska eða víðóma hljóðritun, sem byggist á tveimur aðskildum rásum og gerir það að verkum að viðkomandi tónverk fær miklu meiri hljómfyllingu í eyrum hlustandans. Eftir að þessi tækni kom til, var í hljóðritunum og plötuútgáfu gerður greinarmunur á annars vegar mónó-upptökum, sem voru þær eldri, og hins vegar stereó-upptökum, sem voru þær nýrri og fullkomnari.



Fyrsta stereó-upptakan hér á landi var gerð í Ríkisútvarpinu að Skúlagötu 4 árið 1961. Fyrir þessa upptöku voru gerðar sérstakar breytingar á tækjabúnaði Útvarpsins og önnuðust starfsmenn tæknideildar bæði þessar breytingar og sáu einnig um fyrstu hljóðritunina sem síðan var gefin út á fyrstu íslensku stereó-plötunni. Þar var um að ræða kórsöng Karla kórs Reyjavíkur undir stjórn Sigurðar Þórðarsonar söngstjóra. Platan hafði að geyma karlkórs-lög frá Norðurlöndum og bar hún enskan titil, *Songs from Scandinavia*.

Sú 33 snúninga plata sem varð einna fyrst til að hljóta miklar og almennar vinsældir var fyrsta platan sem út var gefin með söng 14 Fóstbræðra árið

1964. 14 Fóstbræður voru söngflokkur úr samnefndum karlakór, fyrst settur saman til þess að koma fram í skemmtipáttum sem Svavar Gests hafði umsjón með í Ríkisútvarpinu og voru nefndir *Sunnudagskvöld með Svavari Gest*. Þessi plata hefur orðið lífseig og heyrast lagasyrpur af henni enn í dag í páttum Útvarpsins.

Vinyl-plöturnar, bæði 45 og 33 snúninga, voru mikilvægasti miðill til útgáfu tónlistar á hljómplötum á síðari hluta 20. aldar, allt frá miðjum 6. áratugnum og fram til tíma geisladiskanna um miðjan 9. áratuginn, eða í um það bil þrjátíu ár. Mikill földi íslenskra tónlistarmanna, söngvara, hljóðfæraleikara og hljómsveita gerðu garðinn frægan og áttu sitt gullaldarskeið á þessu tímabili. Enda þótt meginþorri íslenskra hljómplatna hafi verið til útgáfu tónlistar, ber einnig að nefna hér afar merkar hljómplötur með töluðu orði. Þar ber hæst margar vandaðar plötur gefnar út af Fálkanum hf með upplestri íslenskra skálda og ritöfunda á eigin verkum í bundnu máli og óbundnu. Jafnframt ber að nefna glæsilegar plötuútgáfur sama fyrirtækis á tveimur íslenskum leikritum, *Gullna hliðinu* eftir Davíð Stefánsson og *Íslandsklukkunni* eftir Halldór Kiljan Laxness.

Hæggengar hljómplötur og ýmsar tæknilegar framfarir sem komu í kjölfar þeirra á sviði hljómfletningstækja, leiddu til sívaxandi tóngæða í flutningi tónlistar af hljómplötum. Þegar leið á 20. öldina komu til sögunnar ný upptökutæki og hljómfletningstæki. Af þessum nýjungum hefur áður verið nefnd stereó-tækni, eða viðómurinn. Á þessu tímabili komu einnig fram hljómsnældur eða kassettur og kassettutæki. Sú tækni naut um skeið afar mikilla vinsælda hér á landi sem annars staðar og var notuð jöfnun höndum til upptöku, afspilunar og útgáfu á ýmiss konar hljóðrituðu efni. Helsti kostur við kassettturnar og kassettutækin var hve ódýr þau voru og handhæg í notkun.

### Stafræn tækni - Geisladiskar.

Síðasta meiri háttar tæknibylting á sviði hljóðritunartækninnar hér á landi varð á níunda áratug síðustu aldar. Þá kom til sögunnar hér á landi ný kynslóð hljóðritunartækja og hljómfletningstækja sem byggir á stafrænni tækni.

Stafræna tækni hóf innreið sína í íslenskri hljóðritunarsögu, tónlistar- og útvarpssögu með nokkuð eftirminnilegum viðburði í febrúarmánuði árið 1985. Þann 26. febrúar það ár, voru haldnir hátíðartónleikar Hljómsveitarinnar Fílharmóníu til styrktar tónlistarhúsi í Reykjavík. Tónleikarnir fóru fram í Royal Festival Hall í Lundúnum og var útvarpað beint til Íslands um gervihnött og var þetta fyrsta tónlistarútsending af því tagi erlendis frá til íslenskra útvarpshlustenda. Til slíkra gervihnattasendinga tónlistar og hljóðritunar á henni, þurfti stafrænan tækjabúnað af ýmsu tagi sem notaður var í fyrsta sinn hér á landi í tengslum við þessa umræddu tónleika, útsendingu þeirra og upptöku.

Í kjölfar stafrænu tækninnar kom geisladiskurinn, sem síðan hefur leyst af hólmi vinyl-plöturnar. Fyrstu geisladiskarnir með tónlist hljóðritaðri hér á landi, komu út á árunum 1987 og 1988. Upp frá því hafa geisladiskar verið og eru enn einn helsti og mikilvægast miðill til tónlistarútgáfu hér á landi sem annars staðar.

Tveir fyrstu íslensku geisladiskarnir komu út með stuttu millibili árið 1987 og höfðu báðir að geyma flutning íslenskra kóra á stórvekum tónbókmenntanna. Annar var með flutningi Kórs Langholtskirkju undir stjórn Jóns Stefánssonar á *Jóhannesarpassunni* eftir J. S. Bach. Hinn var með flutningi Pólyfónkórsins undir stjórn Ingólfs Guðbrandssonar á *Messíasi* eftir G. F. Händel. Það sama ár, 1987, komu einnig út tveir fyrstu diskarnir með íslenski popp-músík, það voru *Borgarbragur* Gunnars Þórðarsonar og *Frelsi til sölu* með Bubba Morthens. Árið 1988 kom fyrsti diskurinn með íslenski djass-tónlist, það var *Þjóðlegur fróðleikur* í flutningi Tríos Guðmundar Ingólfssonar.

Í kjölfar stafrænu tækninnar og með henni, kemur aukin tölvuvæðing tónlistarinnar, sem síðan hefur haft gríðarlega mikil áhrif bæði á sviði hljóðritunartækninnar og einnig á sviði hljómflytningstækja. Síðast en ekki síst hefur stafræna tæknin haft mikil áhrif á alla dreifingu og miðlun tónlistar á tölvutæku formi, einkum eftir að veraldarvefurinn kom til sögunnar og varð aðgengilegur almenningi á venjulegum heimilistölvum. Nýjustu möguleikarnir á sviði hljóðritunartækni og til dreifingar tónlistar á veraldarvefnum eru svokallaðir Netbankar sem einnig eru komnir til sögunnar hér á landi, samanber vefslóðina [www.tonlist.is](http://www.tonlist.is).

## Fyrstu plötuverslanir, útgáfur og hljóðver

Þess var áður getið að fyrstu auglýsingar um hljóðritunartæki, grammófóna og hljómplötur birtust í íslenskum blöðum um og eftir aldamótin 1900 og má sjá nokkur dæmi þeirra á sýningunni. Voru slíkir gripir til sölu innan um margs kyns vörur og varning í sumum helstu verslunum í Reykjavík, t.d. versluninni Edinborg sem lengi var í Hafnarstræti.

Á fyrri hluta 20. aldarinnar voru stofnaðar fyrstu sérverslanirnar þar sem áhersla var lögð á sölu hljómplatna og grammófóna. Í slíkum verslunum voru þó oftast á boðstólum aðrar vörur, má þar m.a. nefna hljóðfæri, nótur og nót nabækur og ýmislegt fleira.

Ein fyrsta sérverslun af þessu tagi var Hljóðfærahús Reykjavíkur sem stofnað var árið 1916 og var fyrst til húsa í Templarasundi en síðar um langt skeið í Bankastræti. Stofnandi og fyrsti eigandi var frú Anna Friðriksson, dönsk að ætt og uppruna, eiginkona Ólafs Friðrikssonar sem þekktur var á sinni tíð.



Önnur verslun á þessu sviði var Hljóðfæraverslun Sigríðar Helgadóttur. Hún hét upphaflega Hljóðfæraverslun Katrínar Viðar og var fyrst til húsa að Lækjargötu 2 en var um margra ára skeið í gamla Morgunblaðshúsinu við Aðalstræti.

Þriðja hljómplötuverslunin var Fálkinn hf sem lengi var við Laugaveg. Fálkinn var upphaflega reiðhjólaverslun, stofnuð árið 1904 af Ólafi kaupmanni Magnússyni en hóf innflutning og verslun með hljómplötum um 1930 og varð síðar á öldinni umsvifamesta hljómplötuverslun landsins um langt árabil.

Þessar þrjár verslanir, Hljóðfærahús Reykjavíkur, Hljóðfæraverslun Sigríðar Helgadóttur og Fálkinn voru jafnframt brautryðjendur á sviði hljómplötuútgáfu á fyrstu áratugum 20. aldarinnar. Síðar á öldinni komu þar við sögu fleiri fyrirtæki, meðal annars verslunin Drangey í eigu Tage Ammendrup og í tengslum við hana plötuútgáfan Íslenskir tónar. Einnig má nefna verslun tónlistarmannanna Kristjáns Kristjánssonar og Svavars Gests sem nefnd var Músikbúðin og plötuútgáfu þeirra, Tóníka. Eftir miðja öldina varð Svavar Gests og fyrirtæki hans SG-hljómplötur meðal umsvifamestu aðila á sviði plötuútgáfu.

Í árdaga hljómplötuútgáfunnar voru allar íslenskar plötur teknar upp erlendis. Fyrsta hljóðver á Íslandi var, eins og fyrr var nefnt, sett upp um stundarsakir sumarið 1930 í sþróttahúsi KR, sem áður var samkomuhúsið

Bárubúð og stóð við Tjörnina þar sem Ráðhús Reykjavíkur er nú. Eftir stofnun Ríkisútvarpsins í árslok 1930 og einkum eftir að þar hófust hljóðritanir á skornar plötur árið 1935, hefur Útvarpið verið einn helsti vettvangur hljóðritunar í landinu. Plötuskurðarvélar bárust hingað um og eftir miðjan 4. áratuginn, m.a. voru silfurplötur skornar í Hljóðfærahúsi Reykjavíkur og í Atlabúð á Laugavegi. Síðar á öldinni komu fleiri hljóðver til sögunnar.

Eftir að útvarpstækni og hljóðritunartækni tók að vaxa fiskur um hrygg, voru stofnuð hér á landi fyrirtæki á þessum tæknisviðum til þess að annast ýmsa þjónustu fyrir viðskiptavinum. Eitt þessara fyrirtækja var Radio- og raf-tækjastofan, sem var til húsa að Óðinsgötu 2. Stofnendur þess voru Sveinbjörn Egilsson og Magnús Jóhannsson. Þeir fluttu inn ný tæki, m.a. stál-þráðartæki og síðar fyrstu segulböndin. Þeir fengust einnig um skeið við plötuupptökur.

Hér hafa einungis verið nefndir fáeinir brautryðjendur á þessum sviðum. Fjöldmargir aðrir aðilar bæði verslanir, útgáfufyrirtæki og hljóðver, hafa komið við sögu á næstum heillar aldar tímabili hljómplötuverslunar og hljómplötu-

útgáfu á Íslandi. Ekki er ráðrúm til að rekja þá sögu frekar á þessum vettvangi en hugsanlegt er að tækifæri gefist til að huga eitthvað nánar að þessu áhugaverða máli í tengslum við sýninguna.

## Söngmenn utan af landi

og aðrir:

Látið taka rödd yðar upp

# á silfurplötu,

til gagn og gamans, þegar heim kemur.

Platan kostar fullgerð

kr. 3,75.



## Hljóðfærahúsið,

Bankastræti 7.

sími 3656.





*Ljósmynd. Þjóðminjasafnið Íslands.*

## **Varðveisla menningararfsins - Söfnunarstarf.**

Brautryðjandinn Jón Pálsson varð fyrstur til að beita hljóðritunartækninni gagnlegt í þeim tilgangi að varðveita þjóðfræðilegt efni með því að taka það upp á vaxhólka. Á þeim 100 árum sem síðan eru liðin, hefur umtalsverður hluti af íslenskum menningararfi verið varðveittur á hljóðritum af margvíslegu tagi, einkum hljómplötum segulböndum og geisladiskum. Fjöldinn allur af listamönnum hefur lagt fram krafta sína við sköpun og flutning listaverka í tónlist og töluðu orði sem varðveitt eru í hljóðritasöfnum. Þar hafa komið við sögu tónskáld, ljóðskáld og rithöfundar, hljómsveitir og kórar, hljóðfærleikarar og söngvarar, leikarar og upplesarar. Einnig ber að nefna fjöldann allan af mikilhæfu útvarpsfólki, þulum og fréttamönnum, dagskrár- og þáttagerðarfólki og öðrum þeim sem flutt hafa þjóðinni margvíslegt menningarefni á öldum ljósvakans.

Hljóðritunartæknin hefur nú um heillar aldar skeið verið notuð beinlínis í þeim tilgangi að safna margvíslegu efni af þjóðfræðilegu tagi í tónlist og töluðu orði. Þannig eru nú í hljóðritasöfnum varveittar þúsundir klukkustunda af sögum og ævintýrum, kvæðum og lausavísum, rímnakveðskap, tvísöng og sálmasöng, þulum og barnagælum, einnig bregður fyrir hljóðfæraleik. Átak er nú hafið við að veita netaðgang að slíku þjóðfræðafni fyrir atbeina Músík og sögu ehf í samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar með verkefni sem nefnist *Munnleg geymd* og finna má á vefsíðunni: <http://lismus.musik.is/>.

Íslensk hljóðritasöfn hafa á 100 árum orðið veigamikill þáttur íslenskrar þjóðmenningar. Á tiltölulega stuttum tíma hafa hljóðritin unnið sér verðugan sess til varðveislu menningararfs okkar Íslendinga, til viðbótar við aðrar þjóðlegar minjar og menningarverðmæti frá liðnum öldum svo sem handrit, prentaðar bækur, blöð og tímarit.

Á síðustu áratugum hefur öllum útgefnum hljóðritum verið safnað samkvæmt Lögum um skylduskil til safna frá árinu 1977. Frá þeim tíma er útgefendum hljóðrita skylt að skila til Landsbókasafns þremur eintökum af allri sinni útgáfu. Eitt eintakið fer til Amtsbókasafnsins á Akureyri, en hin tvö eru varðveitt í Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni. Annað þeirra skal varðveita í varaeintakasafni Landsbókasafns um ókomna framtíð, en hitt er til afnota á tón- og myndsafni þeirrar stofnunar. Með þessum hætti er leitast við að veita aðgang að og skapa aðstöðu til rannsókna á þessu sértæka sviði íslensks menningararfs.

Helstu og stærstu hljóðritasöfn okkar eru varðveitt í opinberum stofnunum svo sem Safnadeild Ríkisútvarpsins, Tón- og myndsafni í Landssbókasafni Íslands - Háskólabókasafni, Stofnun Árna Magnússonar, Þjóðminjasafni Íslands og Alþingi. Þá eru merk og mikil hljóðritasöfn í eigu einstaklinga víða um land. Sömuleiðis eru hljóðritasöfn til í eigu fyrirtækja svo sem hljómplötuútgefenda, einnig hjá félagasamtökum og má sérstaklega nefna Kvæðamannafélagið Íðunn í því sambandi.

Íslensk hljóðritasaga er enn að miklu leyti órannsökuð og óskráð. Þegar litið er til baka yfir um það bil eitt hundrað ár þeirrar sögu, er ljóst að hver tæknibyltingin hefur rekið aðra og hafa þeim fylgt ótrúlega miklar og örar framfarir á ýmsum sviðum sem snerta upptöktækni, hljómfletningstækni, dreifingu og miðlun hljómplatna og annarra útgáfuhljóðrita, einkum með tónlist af margvíslegu tagi. Jafnframt er ljóst að hljómplötur og önnur hljóðrit frá þessu 100 ára tímabili, hafa að geyma afar mikilvægan þátt íslenskrar þjóðmenningar í tónlist og töluðu máli. Þennan menningararf ber okkur að varðveita svo vel sem kostur er fyrir komandi kynslóðir. Tilgangur sýningarinnar er að vekja athygli á þessum merka arfi og hvetja til þess honum verði sýndur verðugur sómi.

*Njáll Sigurðsson.*



**Aðilar að sýningunni:**

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn, Menntamálaráðuneytið,  
Ríkisútvarpið, Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda,  
Stofnun Árna Magnússonar, Sögumiðlunin ehf.,  
Þjóðminjasafn Íslands, Þjóðskjalasafn Íslands